

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Verðlaunasjóð Jóhannesar Frið- 204  
laugssonar kennara“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkju- 23. des.  
málaráðherra 23. desember 1942.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Verðlaunasjóð Jóhannesar Friðlaugssonar kennara.

### 1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Jóhnesi Friðlaugssyni kennara, á sextugsafmæli hans, 29. september 1942, til minningar um það, að þá var hann búinn að kenna 30 ár í Aðaldælahreppi.

### 2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita árlega einu eða fleiri skólabornum í Aðaldælahreppi, er fullnaðarprófi ljúka, verðlaun fyrir dugnað og iðni við námið og fyrir siðprýði í daglegri framkomu meðan þau dvelja við nám.

### 3. gr.

Verðlaunin skulu vera, að jafnaði, góðar bækur eða smáhlutir, sem börnin geta átt til minningar um skólaveruna.

### 4. gr.

Verja má  $\frac{3}{4}$  af ársvöxtum sjóðsins til verðlauna. Hitt leggist við höfuðstólinn. Þau ár, sem ekki þykir ástæða til að veita nein verðlaun, leggjast vextirnir óskertir við höfuðstólinn.

### 5. gr.

Skólanefnd Aðaldælaskólahverfis veitir verðlaun í samráði við og eftir tillögum kennara.

### 6. gr.

Sjóðurinn er ævarandi eign Aðaldælahrepps og skal talinn á eignareikningi hreppsins.

Skólanefnd annast reikningshald sjóðsins. Reikningsárið er almanaksárið. Reikningurinn skal endurskoðaður af endurskoðanda hreppsreikninganna og fylgja hreppsreikningi til sýslunefndar.

### 7. gr.

Leita skal staðfestingar stjórnarvaldanna á skipulagsskrá þessari.